

Fundur í Skólaráði Stöðvarfjarðarskóla miðvikudaginn 21. mars n.k. í skólanum kl. 15.00

Fundinn sitja: Jónas skólastjóri, Eva fulltrúi starfsfólks og leikskólaforeldra, Sólrún og Solla fulltrúar kennara, Máni fulltrúi nemenda, Rósmarý fulltrúi foreldra og Guðný fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fundargerð ritar Solla

Fundarefni:

1. Skóladagatal 2018-2019

Grunnskóla skóladagatalið fyrir skólaárið 2018-2019 kynnt og lagt fyrir til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
Leikskóla skóladagatalið fyrir skólaárið 2018-2019 kynnt og lagt fyrir til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2018

Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

3. Viðhaldsmál 2018

Jónas sýnir verkefnalista yfir ýmis viðhaldsverkefni sem þarf að vinna í skólanum í sumar. Komið í ferli.

4. Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Jónas greinir lauslega frá niðurstöðum foreldrakönnunarinnar. Við erum á gráu svæði með þátttöku vegna fæðar foreldra. Niðurstöðurnar eru mjög góðar í heildina og það er ánægjulegt hvað foreldrar eru ánægðir með skólann sinn.

5. Fyrirhuguð sameining skólanna á Breiðdalsvík og Stöðvarfirði

Staðan verður tekin þegar úrslit kosninga liggur fyrir. Búið er að leggja upp við foreldra þá hugmynd að kennt yrði á báðum stöðum og allt í góðri samvinnu. Mikil skipulagsvinna framundan ef sameiningin verður samþykkt.

6. Kosning í skólaráð

Lagt til að geyma hana fram yfir kosningar

7. Önnur mál

Jónas sýndi breytingar á heimasíðu skólans og nýja bláa litinn á henni. Nú er síðan orðin snjalltækjavædd.

Fundi slitið klukkan 15:50